

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Dimmustaði í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. september 2021, nýtt deiliskipulag fyrir Dimmustaði í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um byggingu íbúðarhúsa á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Um er að ræða 4 nýjar lóðir og byggingarreiti fyrir 4 íbúðarhús, 4 gestahús og bílskúra.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Nýtt deiliskipulag í landi Bjarnarstaða í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. mars 2021, nýtt deiliskipulag fyrir lóð undir fjarskiptamastur í landi Bjarnarstaða nærri Selvogi í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um byggingu allt að 30 metra hás fjarskiptamasturs og húss fyrir tækjabúnað á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 1. október 2021.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2021